

Mannauðsstefna Sveitarfélagsins Árborgar

Mannauðsstefna þessi er framtíðarsýn og leiðarvísir starfsfólks Árborgar í átt að því að skapa heilbriggt starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan og árangri. Starfsfólk Árborgar einkennist af framsækni, umhyggjusemi, fjölbreyttni og samheldni. Vinnustaðurinn starfar af fagmennsku og góðum ásetningi með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Leiðarljósин okkar

Við stuðlum að framsækni og stöðugri þróun.

Í sameiningu sköpum við jákvætt starfsumhverfi með lausnamiðaða hugsun að leiðarljósi.

Við erum með heilbrigða vinnustaðamenningu og háþróaðan árangur okkar með því að stuðla að fjölbreytileika í allri okkar starfsemi.

Við stefnum í sömu átt, höfum skýra sýn og sameiginleg markmið.

Framsækin

Við stuðlum að framsækni og stöðugri þróun.

Við eflum okkur og sköpum ný tækifæri til starfsþróunar með virkri fræðslu og miðlun þekkingar. Framþróun, virkni og stöðug þekkingarleit er einkennandi og við nýtum hæfni og dugnað starfsfólks til metnaðarfullra verkefna. Við skipuleggjum okkur og forgangsröðum verkefnum með fagmennsku að leiðarljósi.

Við leggjum áherslu á stuttar boðleiðir, virkt upplýsingaflæði og fyrirsjáanleika. Við erum óhrædd við að skapa umhverfi þar sem allir fá tækifæri til að taka þátt, sýna ábyrgð og hafa áhrif.

Við stuðlum að sjálfbærni, lágmörkum umhverfisáhrif okkar og stuðlum að grænni framtíð.

Umhyggjusöm

Í sameiningu sköpum við jákvætt starfsumhverfi með lausnamiðaða hugsun að leiðarljósi.

Við stuðlum að jafnvægi vinnu og einkalífs með sameiginlegum skilningi, trausti og sveigjanleika. Stjórnendur eru fyrirmyndir sem vinna með starfsfólki að uppbyggingu mannauðs og jákvæðu starfsumhverfi. Stjórnendur dreifa ábyrgð og verkefnum af sanngjörnum hætti og starfsfólki er treyst til að forgangsraða verkefnum sínum með hagsmuni sveitarfélagsins í forgrunni.

Við sköpum vinnuaðstæður sem stuðla að öryggi, heilsu og vellíðan. Við sýnum áhuga, hlúum hvert að öðru, hvetjum áfram, hrósum og sýnum þakklæti. Við erum með starfrækta [Viðverustefnu](#) sem hefur það markmið að styðja við heilsusamlegt starfsumhverfi. Starfsfólk er hvatt til þess að huga að eigin heilsu og er Árborg virkur þátttakandi í [Heilsueflandi samfélagi](#).

Einelti, kynferðislegt áreitni, áreitni eða ofbeldi er ekki liðið á vinnustöðum Árborgar. Starfsfólki er bent á að kynna sér [Stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#) ásamt [verklagsreglum](#).

Fjölbreytt

Við erum með heilbrigða vinnustaðamenningu og háværðum árangur okkar með því að stuðla að fjölbreytileika í allri okkar starfsemi.

Árborg vill leiða með góðu fordæmi og efla skilning á því hvernig fjölbreytileiki skilar auknu virði í allri starfsemi sveitarfélagsins. Vinnustaðurinn leggur áherslu á að laða að einstaklinga til starfa með fjölbreyttan bakgrunn, hæfni og þekkingu. Starfsfólk er metið að verðleikum og því er mætt með opnum huga. Við tryggjum öllum jöfn tækifæri á því að ná árangri í starfi með því að veita stuðning og leiðsögn.

Árborg er með [Jafnréttisáætlun](#) sem hefur það markmið að koma á og viðhalda jafnrétti kynjanna, koma í veg fyrir mismunum og stuðla að því að jafnréttissjónarmið séu sambætt í allri starfsemi sveitarfélagsins. Árborg er með starfrækt jafnlaunakerfi og hlaut [jafnlaunavottun](#) árið 2019.

Samheldin

Við stefnum í sömu átt, höfum skýra sýn og sameiginleg markmið.

Við myndum eina heild með því að styðja hvert við annað, bjóðum aðstoð og biðjum um aðstoð þegar við þurfum. Við eigum í virku samtali, erum opin fyrir nýjum hugmyndum og vinnum saman að því að finna bestu útkomuna.

Byggt er á samvinnu starfsfólks með teymisvinnu þar sem hugað er að líðan, öryggi og gleði. Starfsfólk fær tækifæri til að nýta hæfileika sína, láta í ljós skoðanir og hafa áhrif. Lögð er áhersla á traust og heiðarleg samskipti þar sem virk hlustun og stuðningur eru höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna sveitarfélagsins Árborg gildir frá 2024 til 2028.

Mannauðsstefnan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 20. mars 2024.